

## Fundargerð 313. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg og í beinu streymi  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 18. febrúar 2025  
**Fundartími:** 17:00-17:50  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson, oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Walter Fannar Kristjánsson  
Harpa Magnúsdóttir  
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 296, dags. 12.02.2025

#### a) Ferjunes 2 land 2 L213234; Ferjunes 4; Stofnun lóðar – 2501072

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 24.01.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 690,3 fm lóð, Ferjunes 4, úr landi Ferjunes 2 land 2 L213234. Aðkoma er frá innkeyrslu upprunalands eins og sýnd er í meðfylgjandi merkjalýsingu.

*Samkvæmt stefnumörkun aðalskipulags er heimilt að skipta út stökum lóðum og/eða skipta jörðum, en skipting á landbúnaðarlandi í flokki I og II er óheimil, nema til áframhaldandi landbúnaðarnota. Markmiðið með takmörkun á landskiptum er að leitast við að tryggja að landbúnaðarland í flokki I og II verði áfram nýtt til landbúnaðar og matvælaframleiðslu. Með umsókn um landskipti til sveitarstjórnar skulu fylgja upplýsingar um fjölda og stærð lóða/spildna, flokkum landbúnaðarlands, áform um uppbyggingu, aðkomu og tímaáætlun uppbyggingar. Viðkomandi lóð er á úrvals landbúnaðarlandi og liggur ekki fyrir að mati skipulagsnefndar UTU hver tilgangur lóðarinnar er og hvort hún uppfylli markmið aðalskipulags er varðar landbúnaðarland í flokki I og II. 690,3 fm lóð nýtist illa til landbúnaðar og ekki er um stofnun lóðar umhverfis núverandi húsakost á jörðinni. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að umsókn um stofnun landeignar verði synjað.*


Sveitarstjórn bærust viðbótargögn eftir fund skipulagsnefndar nr. 296, dags. 12.02.2025 þar sem stofnun nýrrar lóðar úr landi Ferjunes 2 land 2 L213234 er rökstudd. Einnig liggur fyrir merkjalýsing dags. 24.01.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024. Í viðbótargögnum kemur fram að tilgangur lóðastofnunar er að stofna litla lóð úr landi Ferjunes 2 land 2 og byggja á lóðinni lítið íbúðarhús vegna kynslóðaskipta á jörðinni í Ferjunesi 2 land 2. Landeigandi býðst til að rækta upp nýtt tún til mótvægis því sem fer undir nýja lóð.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun nýrrar lóðar úr landi Ferjunes 2 land 2 L213234 skv. framlagði merkjalýsingu dags. 24.01.2025 og rökstuðningi í viðbótargögnum dags. 13.02.2025.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### b) Litlu-Reykir land L175515 og Litlu-Reykir lóð L166265; Litlu-Reykir L166264; Staðfesting á afmörkun og breytt stærð lóða – 2502004

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 31.01.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar staðfestingu á hnitsettri afmörkun 2ja lóða úr landi



Litlu-Reykja L166264. Núverandi skráð stærð Litlu-Reykja lands L175515 er 5 ha en afmörkun hennar skv. meðfylgjandi merkjalýsingu er innan deiliskipulags samþ. 07.08.2013 og mælist 5.000,2 fm. Mismunurinn rennur inn í upprunalandið sem er óuppmæld jörð. Litlu-Reykir lóð L166265 sem er með óskráða stærð er utan deiliskipulagssvæðisins og skv. afmörkun þá mælist hún með stærðina 50.000 fm. *Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun og breytta skráningu lóðanna skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið með fyrirvara um að staðföng á svæðinu verði tekin til skoðunar á grundvelli reglugerðar um skráningu staðfanga fyrir afgreiðslu sveitarstjórnar.*

*Walter Fannar Kristjánsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir afmörkun og breytta skráningu 2ja lóða úr landi Litlu-Reykja L166264 skv. framlagðri merkjalýsingu dags. 31.01.2025. Núverandi skráð stærð Litlu-Reykja lands L175515 er 5 ha en afmörkun hennar skv. meðfylgjandi merkjalýsingu er innan deiliskipulags samþ. 07.08.2013 og mælist 5.000,2 fm. Mismunurinn rennur inn í upprunalandið sem er óuppmæld jörð. Litlu-Reykir lóð L166265 sem er með óskráða stærð er utan deiliskipulagssvæðisins og skv. afmörkun þá mælist hún með stærðina 50.000 fm. Fyrir liggur samþykki viðkomandi landeigna á uppfærðum staðföngum.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Walter Fannar Kristjánsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

**2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 220, dags. 05.02.2025**

Lagðar fram til kynningar.

**3. Viðauki I við fjárhagsáætlun 2025**

Fyrir liggur yfirlit vegna viðauka I við fjárhagsáætlun 2025. Viðaukinn er vegna aukinnar tónlistarkennslu Tónlistarskóla Árnesinga í Flóaskóla frá febrúar 2025. Alls er viðauki I upp á 5,8 milljónir. Viðaukinn gerir ráð fyrir áframhaldandi aukinni kennslu haustið 2025 en skv. bókun sveitarstjórnar frá 21.01.2025 skal meta stöðu á kennsluþörf að nýju haustið 2025. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðan viðauka I við fjárhagsáætlun 2025 og verður honum mætt með lækku á handbæru fé.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Verkefnastjóri verklega framkvæmda – drög að auglýsingu**

Fyrir liggja drög að auglýsingu vegna nýrrar stöðu hjá Flóahreppi. Sveitarstjórn samþykkti á fundi dags. 21.01.2025 að auglýsa eftir starfsmanni til að halda utanum verklegar framkvæmdir í sveitarfélaginu enda gerir fjárfestingaáætlun næstu ára ráð fyrir miklum framkvæmdum sveitarfélaginu. Framkvæmdir eru fyrirhugaðar í vatnsveitu, viðbyggingu skólahúsnaðis, uppbyggingu í Heiðargerði og vegna nýrrar íbúðarbyggðar við Þingborg. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlögð drög að auglýsingu verkefnastjóra verklegara framkvæmda hjá sveitarfélaginu og felur sveitarstjóra að birta auglýsingu um starfið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**5. Óveruleg breyting á aðalskipulagi Flóahrepps vegna breyttrar legu frístundabyggðar – Hvítárbyggð**

Fyrir liggur afgreiðsla Skipulagsstofnunar um óverulega breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna breyttrar legu frístundabyggðar (F22) í Hvítárbyggð L238531 ásamt drögum að ítrekuðum rökstuðningi vegna málsins frá skipulagsfulltrúa. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti tillögu óverulegrar aðalskipulagsbreytingar á fundi dags. 21.01.2025.



Sveitarstjórn Flóahrepps ítrekar fyrri bókun um samþykki sitt á tillögu vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps vegna breyttrar legu frístundabyggðar (F22) í Hvítárbyggð L238531. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að senda framlagðan rökstuðning á Skipulagsstofnun vegna málsins varðandi þá þætti sem Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 6. Húsnæðisáætlun Flóahrepps 2025

Fyrir liggur húsnæðisáætlun Flóahrepps fyrir árið 2025. Samkvæmt reglugerð um húsnæðisáætlunir sveitarfélaga nr. 1248/2018 ber sveitarfélögum að setja sér sérstakar húsnæðisáætlunir. Áætlunin er unnin í sérstöku kerfi á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og hefur verið yfirarinn af HMS en þarfnast einnig staðfestingar sveitarstjórnar. Í áætluninni er gert ráð fyrir að íbúum Flóahrepps fjölgi á árunum 2025-2034 og er mannfjöldaspa sett upp í lágspá, miðspá og háspá þar sem minnsta áætlaða íbúafjöldunin á tímabilinu er 72 íbúar og mesta áætlaða íbúafjöldunin 241 íbúar. Farið er yfir mannfjöldaspa, íbúðabörf, þjónustu og innviði, lóðir og skipulag og yfirlit yfir íbúðir í byggingu skv. HMS. Sveitarstjórn samþykkir framlagða húsnæðisáætlun Flóahrepps 2025. Húsnæðisáætlun verður birt á heimasíðu Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum

#### 7. Fundargerðir

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 312, dags. 04.02.2025

b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 155, dags. 28.01.2025

Varðandi lið 1. b) þá leggur sveitarstjórn áherslu á að niðurstöður innra mats leikskóla séu birtar opinberlega ásamt áætlun um umbætur líkt og Aðalnámskrá leikskóla, lög um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalahl nr. 893/2009 kveður á um.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 1. c) þá leggur sveitarstjórn ríka áherslu á að leikskólastjóri og umsjónarmaður fasteigna bregðist sem fyrst við þeim frávikum sem koma fram í skoðunarskýrslu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 12.12.2024. Frestur til úrbóta er til 01.05.2025 en ljóst að hægt er að bregðast hratt og vel við stærstum hluta þeirra frávika sem skráð eru í skýrsluna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 3. b) þá leggur sveitarstjórn áherslu á að niðurstöður innra mats grunnskóla séu birtar opinberlega ásamt áætlun um umbætur líkt og Aðalnámskrá grunnskóla, lög um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalahl nr. 658/2009 kveður á um.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi liði 1. d) og 3. d) um skólastefnu Flóahrepps þá bendir sveitarstjórn á að skólastefna sveitarfélagsins er í gildi þar til önnur stefna verður samþykkt á formlegan hátt. Sveitarstjórn hvetur skólastjórnendur og fræðslunefnd til að rýna núverandi skólastefnu og taka málið fyrir að nýju í haust í fræðslunefnd.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Framkvæmda- og veitunefndar Flóahrepps nr. 30, dags. 10.02.2025

Varðandi lið 2 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn að fela umsjónarmanni fasteigna að senda skriflegar verðfyrirpurnir í hvern verkþátt vegna framkvæmda í Þingborg þegar hönnun á breytingum og umfang liggur fyrir en ljóst er að erfitt er að gera nákvæma kostnaðaráætlun vegna breytinganna vegna margra óvissuþátta í

verkinu. Skv. innkaupastefnu Flóahrepps skal senda skriflega verðfyrirspurn á að lágmarki þrjá aðila. Gera þarf ráð fyrir byggingastjóra á verkinu sem myndi koma að verkinu og verkstjórn ásamt starfsmönnum sveitarfélagsins. Framkvæmdir skulu hefjast 1. september 2025 og er mikilvægt að þær að gangi eins hratt og mögulegt er svo ekki verði röskun á íþróttakennslu eða útleigu til lengri tíma. Sveitarstjórn leggur áherslu á að framkvæmdir verði undirbúnar vel fyrirfram m.t.t. verktaka, innkaupa og annars sem að verkinu snýr.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 81, dags. 27.01.2025

e) Stjórnar SASS nr. 618, dags. 24.01.2025

Varðandi lið 8 í fundargerð þá fagnar sveitarstjórn Flóahrepps því að Vegagerðin vinni nú að undirbúningi á breikkun Hringvegarins Selfoss-Þjórsá. Sveitarfélagið hefur þegar setið einn fund með Vegagerðinni vegna málsins. Breikkun Hringvegarins í gegnum Flóahrepp ætti að auka umferðaröryggi til muna og leggur sveitarstjórn áherslu á að hvergi verði gefinn afsláttur varðandi umferðaröryggi vegfarenda á þessum vegkafla og á það jafnt við um akandi, hjólandi, gangandi og ríðandi umferð. Sveitarstjórn leggur jafnframt áherslu á að Vegagerðin eigi snemma í ferlinu samtal við landeigendur í Flóahreppi þar sem framkvæmdir munu óhjákvæmilega hafa áhrif á landeigendur meðfram Hringveginum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 960, dags. 13.12.2024, nr. 961, dags. 17.01.2025, nr. 962, dags. 22.01.2025 og nr. 963, dags. 31.01.2025

g) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 80, dags. 31.01.2025

h) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 242, dags. 11.02.2025

i) Stjórnar Fræðslunetsins nr. 162, dags. 11.02.2025

j) Faghóps um ferðamál dags. 22.01.2025

## 8. Efni til kynningar

a) Frá Veiðifélagi Þjórsár – Efnistaka í Þjórsá

b) Frá Innviðaráðuneytinu – Opið samráð um áform um breytingar á sveitarstjórnarlögum

c) Frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. – Auglýst eftir framboðum til stjórnar og varastjórnar

d) Bréf á bankastjóra Landsbankans hf. og umfjöllun um bókun sveitarstjórnar Flóahrepps á Vísi.

e) Frá Úrvinnslusjóðir- Yfirlit yfir greiðslur Úrvinnslusjóðs

f) Frá Landsneti – Vorfundur Landsnets 5. mars

g) Frá Fjarskiptastofu – Samnýting jarðvinnuframkvæmda sem styrktar eru af fjarskiptasjóði

h) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 4. mars kl. 17:00 í Þingborg og í beinu streymi.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson  
Harpa Magnúsdóttir  
Hjalti Guðmundsson  
Walter Fannar Kristjánsson 1356  
Hulda Kristjánsdóttir



## Fundargerð nr. 13

## Íþróttá-æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Hótel Vatnsholt
Fundardagur:	Þriðjudagur 12. nóvember 2024
Fundartími:	18:30-21:00
Fundarmenn:	Sigrún Hrefna Arnardóttir formaður Rúnar Magnússon Harpa Magnúsdóttir Hafðís Gígja Björnsdóttir <i>Að auki sat Berglind Björk Guðnadóttir fundinn vegna aðventuhátíðar 2024. Sigurður Ingi Sigurðsson fjarverandi.</i>

Sigrún Hrefna Arnardóttir stýrði fundi. Harpa Magnúsdóttir ritaði fundargerð.

#### 1. Aðventuhátíð í Þingborg 5. desember

Aðventuhátíð í Þingborg húsið opnar kl.18 hefst 18:30 þann 5. desember 2024. Búið er að fá styrk frá SASS. Dagskrá er í höndum Berglindar Bjarkar Guðnadóttur. Mikil þátttaka úr sveitinni og Tónafljóð verður aðkeypt atriði. Sigurgeir Skafti Flosason sér um tæknimálin. Rætt er um uppsetningu og skreytingar. Unglingar í 10. bekk Flóaskóla aðstoða kvenfélagskonur við afgreiðslu á kakóbarnum. Rætt um innkaup og útfærslur. Muna að hafa ruslatunnur. Auglýsingar. Nota samfélagsmiðlana og nærsveitar miðla, Útvarp Suðurland. Miðasala á Flóahreppur.is hefst 21.nóv 2024/ símapantanir skrifstofa. Aðgangseyrir: Forsala fullorðnir verð: 2500 við inngang kr.3500 ungmenni / aldur 13-17 ára Forsala 1000 kr. við inngang kr.1500 eldri borgarar kr. 2500 Frítt fyrir 12 ára og yngri.

Farið yfir kostnaðaráætlun verkefnisins.

Fundi lokið kl. 21.00



## Fundargerð nr. 14

## Íþróttá-æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 11. febrúar 2025
Fundartími:	19:30-22:20
Fundarmenn:	Sigrún Hrefna Arnardóttir formaður Rúnar Magnússon Harpa Magnúsdóttir Hafðís Gígja Björnsdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson fjarverandi

Halla Kjartansdóttir og Helena Hólm frá öldungaráði sátu undir lið 1.  
Örvar Rafn Hlíðdal forstöðumaður félagsmiðstöðvar og formaður stýrihóps um heilsueflandi samfélag sat undir lið 2.  
Sunna Björk Benonysdóttir sat undir lið 4.  
Hanna Dóra Höskuldsdóttir og Guðmunda Bríet Steindórsdóttir úr ungmennaráði sátu allan fundinn.  
Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri sat allan fundinn.

Sigrún Hrefna Arnardóttir stýrði fundi. Harpa Magnúsdóttir ritaði fundargerð.

**1. Rætt um 60 plús.**

Skípulag og hvernig gengur. Hvað er í gangi, hvað er á döfinni. Nefndin óskar eftir því fá aðstoð vegna þorrablóts hjá kvenfélögunum gegn styrkveitingu til þeirra. Hulda sér um tæknimálin, sýna á annáls video frá nýliðnu þorrablótí.

**2. Félagsmiðstöð / heilsueflandi samfélag.**

Hugmyndir um heilsueflandi samfélag, og hvort breyta eigi því formi sem það er núna, e.t.v. með því að færa það undir Íþróttá, æskulýðs og menningarnefnd, og bæta við einum nefndarmanni. Slík breyting myndi kalla á breytingu á samþykktum um stjórn sveitarfélagsins ásamt breytingu á erindisbréfi nefndarinnar. Mikið heilsueflandi starf í gangi á vegum skóla, félagsmiðstöðvar, leikskóla, ungmennafélagsins Þjótanda og kvenfélaganna. Verið er að vinna í því að halda opið hús í félagsmiðstöð fyrir miðstig en gert var ráð fyrir því í fjárhagsáætlun ársins.

Söngvakeppni Félagsmiðstöðvarinnar verður haldin 20. febrúar í fyrsta skipti, mjög spennandi.

Opið hús 2 sinnum í mánuði og gengur vel, hjá elsta stigi.

Farið er í skíðaferð í samvinnu við skólann á Sauðárkrók og verið í 2 nætur. Hefur verið vel heppnað, og stefnt á að fara í lok febrúar, þrátt fyrir lítinn snjó í kortum.

**3. Ungmennaráð félagsstarfið.**

Reglulega opin hús hjá ungmennaráði, stundum er dagskrá og stundum ekki. T.d. var haldið



pílumót um daginn. Rætt að efla hugmyndir frá hópnum og skoða hvort hægt sé að vera með meiri fjölbreytni. Leikjakvöld á sumrin. Skoða að halda opið hús að kvöldi Fjörs í Flóa.

#### 4. Hugmynda vinna vegna Fjör í Flóa

Fjör í Flóa verður haldið 30.-31. maí 2025.

Sunna Björk Benonýsdóttir kemur inná fund, kynnir fyrir okkur hugmyndir fyrir Fjör í Flóa, frá Þjóðdansasfélagi Reykjavíkur.

Höldum svipaðri dagskrá, með göngu á föstudeginum, kvöldvöku eftir hana og svipuð dagskrá á laugardegnum sem hentar öllum aldurshópum. Rætt um að halda opið hús á laugardagskvöldinu fyrir ungmennin.

Verðlaunaafhendingar á Fjöri í Flóa: Íþróttafólk Flóahrepps og menningarstyrkur.

#### 5. Skoða dagsetningu vegna Aðventuhátíðar 2025.

Möguleg dagsetning 4. desember. Rætt um nýjan kynni þar sem Sveinn Orri gefur ekki kost á sér. Sigrún Hrefna athugar með laust hús vegna viðburðar.

#### 6. Heilsuefling Jóga - Tónheilun samstarf.

Rætt um að styrkja það verkefni sem lið í heilsueflandi samfélagi, mjög vel var mætt í prufutíma í janúar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að sveitarfélagið styrki tónheilun og jóga með eftirgjöf á húsaleigu, til að byrja með, til að koma fótum undir verkefnið.

#### 7. Önnur mál

Rætt um Heilsueflandi samfélag og hvað sé hægt að gera til að auka úrval og fjölbreytni.

Stungið er uppá að endurvekja blakæfingar í Þingborg, og hvetur nefndin sveitarstjórn til að skoða hvort hægt sé að koma upp strandblakvelli í sveitarfélaginu.

## Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða (SVÁ) haldinn á Teams þann 17. febrúar, kl. 14:30

### Mættir eru:

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður*  
*Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps*  
*Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps*  
*Fjóla St. Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps*  
*Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri í Bláskógabyggð*  
*Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps*  
Fundargerðina ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.  
Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnáði.

Hér var gengið til dagskrár:

### 1. Úttekt á Skóla- og velferðarþjónustu.

Á fundi stjórnar SVÁ þann 25. janúar sl. var formanni falið að kanna hvaða fagaðili væri best til þess fallinn að gera úttekt á starfsemi SVÁ, nú þegar tvö ár eru liðin frá stofnun þjónustunnar. Á fundinum var bókað að það væri mat stjórnar að tímabært væri að meta á þessum tímamarki hvernig til hefur tekist.

Fyrir fundinum í dag liggja fyrir drög að verksamningi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Í samningnum er gert ráð fyrir að úttektin skiptist annars vegar í almenna úttekt á stjórnskipulagi, samskipta- og boðleiðum byggðasamlagsins og hins vegar í úttekt á verklagi og árangri skóla- og velferðarþjónustu. Miðað við gefnar forsendur er kostnaður við úttektina um 4,5 m.kr.

*Stjórn samþykkir verksamninginn í kjölfar umræðu á fundinum og felur formanni að undirrita hann með þeim breytingum sem ræddar voru. Kostnaður mun skiptast á sveitarfélögin með hlutfallslega sama hætti og annar kostnaður þjónustunnar.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:55





Selfossi, 12.2.2025

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

25. fundur stjórnar *Brunavarna Arnessýslu* haldinn miðvikudaginn 12.febrúar 2025, kl. 15:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.


Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Sveinn Ægir Birgisson, Árni Eiríksson, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

- Staða mála vegna byggingar tækja- og búnaðargeymslu BÁ á Laugarvatni**  
Lárus sagði frá því að bóúð er að taka hluta að tækja- og búnaðargeymslunni á Laugarvatni í gagnið. Bílar og tæki voru flutt inn á æfingu í janúar eftir að öryggisúttekt fór fram í bílasalnum.
- Staða mála í undirbúningsvinnu vegna Björgunarmiðstöðvar á Flúðum**  
Lárus, Árni og Helgi, fulltrúar bygginganefndar, fóru yfir stöðuna á undirbúningsvinnu vegna byggingarframkvæmdar á Flúðum. Frumhönnun er tilbúin og bóúð að senda út verðkönnun fyrir húsið sjálft á nokkur fyrirtæki. Skilafrestur á verðkönnuninni er til 3.mars nk.
- Staðan á vinnu við ársreikningsgerð BÁ vegna ársins 2024**  
Unna sagði frá því að vinna við ársreikningagerð BÁ fyrir 2024 er í fullum gangi. KPMG hafa fengið öll gögn og gengur vinnan þar vel samkvæmt upplýsingum frá þeim.
- Staða kjarasamninga slökkviliðsmanna.**  
Unna sagði frá því að LSOS og SÍS skrifuðu undir kjarasamning í síðustu viku og má búast við niðurstöðum úr kosningum í lok febrúar. Um er að ræða nokkra hækkun á launatöflu sem þarf að leiðrétta til 1.4.2024 auk þess sem ný launatafla tekur gildi 1.4.2025. Einnig er breyting á greiðslum til tímavinnumanna (áður hlutastarfandi), bæði hvað varðar persónuálag og persónuuppbætur. Uppfærð launaáætlun verður unnin þegar/ef samningurinn verður samþykktur og búast má við að launaáætlun 2025 muni hækka nokkuð við þessa samninga.
- 50 ára afmæli BÁ 2025.**  
Pétur og Lárus sögðu frá hugmyndum vegna 50 ára afmælis BÁ á árinu.
- Viðbragðstímar slökkviliðs**  
Pétur kynnti ný kort frá Samsýn um viðbragðstíma slökkviliðs eftir slökkvistöðvum.
- Erindi frá Grímsnes- og Grafningshrepp um slökkvistöðvarmál**  
Pétur kynnti erindi frá Grímsnes- og Grafningshrepp varðandi byggingu og rekstur slökkvistöðvar á Borg. Stjórn þakkar GogG fyrir erindið og tilnefnir Árna, Pétur og Lárus í vinnuhóp.

Fleira ekki gert.  
Fundu slitið kl. 16:00


## Undirritunarsíða

Formaður stjórnar  
Helgi Kjartansson




Undirritað af:  
Helgi Kjartansson  
0211715499  
Dags: 17.02.2025  
Tími: 17:22:23  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 065dbc43-  
32d4-49a3-aeb9-  
229ad8c1b685

Árni Eiríksson




Undirritað af:  
Árni Eiríksson  
0809664589  
Dags: 18.02.2025  
Tími: 07:35:22  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 065dbc43-  
32d4-49a3-aeb9-  
229ad8c1b685

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir




Undirritað af:  
Fjóla Steindóra  
Kristinsdóttir  
2702725849  
Dags: 17.02.2025  
Tími: 15:26:07  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 065dbc43-  
32d4-49a3-aeb9-  
229ad8c1b685

Sveinn Ægir Birgisson




Undirritað af:  
Sveinn Ægir Birgisson  
1202983059  
Dags: 17.02.2025  
Tími: 15:36:59  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 065dbc43-  
32d4-49a3-aeb9-  
229ad8c1b685

Slökkviliðsstjóri  
Pétur Pétursson




Undirritað af:  
Pétur Pétursson  
2108735979  
Dags: 17.02.2025  
Tími: 15:25:38  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 065dbc43-  
32d4-49a3-aeb9-  
229ad8c1b685

Varaslökkviliðsstjóri  
Lárus Kristinn Guðmundsson



Undirritað af:  
Lárus Kristinn  
Guðmundsson  
0803843199  
Dags: 17.02.2025  
Tími: 16:28:26  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 065dbc43-  
32d4-49a3-aeb9-  
229ad8c1b685

Fundarritari  
Unna Björg Ögmundsdóttir



Undirritað af:  
Unna Björg Ögmundsdóttir  
0310795359  
Dags: 17.02.2025  
Tími: 15:33:59  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 065dbc43-  
32d4-49a3-aeb9-  
229ad8c1b685



15. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn fimmtudaginn 20. febrúar kl. 16,10 í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Þetta var tekið fyrir:

1. Hugmyndir um sameiningu safna. Á undanförunum misserum hefur Héraðsnefnd Árnesinga fjallað um þær breytingar sem gera þarf á stjórnskipan nefndarinnar og þeirra stofnanna sem heyra undir nefndina, vegna athugasemda sveitarstjórnaráðuneytisins. Stofna þarf ný byggðasamlög með afmarkaðri hlutverkum. Framkvæmdanefnd héraðsnefndar hefur falið stjórnnum byggðasafns, héraðsskjalasafns og listasafns að taka saman kosti og galla þess að sameina þau í eitt byggðasamlag. Sameiginlegur fundur verður haldinn í næstu viku til að ræða þessar hugmyndir. Stjórn safnsins telur álitlegasta kostinn vera að setja söfnin í eitt byggðasamlag þar sem söfnin yrðu rekin sem sjálfstæðar einingar undir einni stjórn.
2. Skýrslur 2024. Um þessar mundir er unnið að endurskoðun reikninga safnsins árið 2024 og gerð ársreiknings. Safnstjóri vinnur að gerð ársskýrslu. Skýrslan og ársreikningurinn verða teknar fyrir á næsta fundi.
3. Verðskrá 2025. Rædd og samþykkt.
4. Styrkir. Safnaráð hefur úthlutað safninu styrkjum að upphæð 4,2 milljónir króna í síðustu úthlutunum. Uppbyggingasjóður Suðurlands styrkti jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga með góðum styrk. Ókomnar eru niðurstöður Húsafriðunarsjóðs en safnið sendi inn umsóknir vegna viðhalds Hússins og Assistentahússins sem áætlaðar eru á þessu ári.
5. Starfsemi safnsins um þessar mundir. Safnstjóri sagði frá því helsta sem drifið hefur að safninu frá síðasta fundi. Í október voru fjölsóttir viðburðir í sal Búðarstígs 22, jóladagskráin tókst mjög vel og var vel mætt. Góða aðsókn má m.a. þakka kröftugu markaðsstarfi. Um áramótin kom til starfa í 40% stöðu Sýlvía Kristjánsdóttir sem þekkir vel til safnsins, hún hefur um langt skeið hannað auglýsingar, bækling og sýningaspjöld fyrir safnið og mun sinna almennum störfum við safnið en þó einkum á sínu sérsviði. Við safnið starfa því að faglegum störfum fjórir starfsmenn í alls þremur 100% stöðugildum. Um þessar mundir er verið að skrá Byggðasafns Ölfuss í Sarp fyrir styrk Safnaráðs, unnið er að undirbúningi sumarsýningar safnsins, reglulega er tekið á móti hópum og fyrir styrk Safnaráðs er verið að útvíkka fræðslustarf safnsins. Páskasýning er einnig í undirbúningi sem heitir „Raddir unga fólksins“ og er unnin af nemendum í grafískri hönnun í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Framundan er að ráða starfsfólk í sumarstörfum við gæslu og leiðsögn.
6. 2. Næsti fundur. Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin var lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 17,20.

Sandra Sigurðardóttir  
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir



Austurvegur 2 | 800 Selfoss | s. 482 1259 | kt. 630189 2849

## Fundargerðabók Héraðsskjalasafns Árnesinga

Fundur í stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga.

Fundur á Héraðsskjalasafni Árnesinga að Austurvegi 2 á Selfossi þann 13. febrúar 2025

Fundur settur kl. 08:30.

Mætt: Gestur Þór Kristjánsson formaður, Brynhildur Jónsdóttir, Jón Bjarnason og Þorsteinn Tryggvi Músson héraðsskjalavörður sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Framtíðarfyrirkomulag safna.

ÞTM leggur fram minnisblað. Sjá fylgiskjal 1.

Stuttlega farið yfir skýrslur sem landshlutasamtök sveitarfélaga hafa tekið saman, fýsileikakönnunar á sameiningu og samstarfi safna.

<https://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2022/01/Menntam%C3%A1llar%C3%A1%C3%B0uneyti%C3%B0-samstarf-safna-lokask%C3%BDrsla-2021.pdf>

[https://ssv.is/wp-content/uploads/2021/09/Samstarf-safna-a%CC%81-Vesturlandi\\_19052021\\_SSV.pdf](https://ssv.is/wp-content/uploads/2021/09/Samstarf-safna-a%CC%81-Vesturlandi_19052021_SSV.pdf)

<https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/samstarf-safna-a-nordurlandi-vestra-lokaskyrsla.pdf>

[https://www.rha.is/static/extras/images/samstarf-sameiningar-safna\\_skyrsla20.pdf](https://www.rha.is/static/extras/images/samstarf-sameiningar-safna_skyrsla20.pdf)

[https://austurbru.is/wp-content/uploads/2022/01/Austurbru\\_SamstarfSafna\\_Skyrsla\\_WEB.pdf](https://austurbru.is/wp-content/uploads/2022/01/Austurbru_SamstarfSafna_Skyrsla_WEB.pdf)

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/adgerdaaetlun-2018-2024/adgerd/?itemid=564c2d68-b773-11e8-942c-005056bc4d74>

Héraðsskjalasöfnin voru ekki höfð með í þessari vinnu – þarna var horft til safna sem heyra undir safnalög o.s.frv. Háskólafélag Suðurlands vann skýrslu fyrir SASS.

Þessi vinna hefur ekki haft neinar breytingar í för með sér hvað varðar fjölda safna eða breytingar á rekstrarfyrirkomulagi þeirra. Ljóst að samlegðaráhrif eru lítil eða engin hvort heldur litið er til stjórnunar, yfirstjórnunar, rekstar eða annarra þátta en safnstjórar bentu á að aukið samstarf í tengslum við sýningahald gæti styrkt söfnin.

GPk, BJ, JB og ÞTM tóku til máls.

### Stjórn leggur fram eftirfarandi bókun:

Tilgangur og umgjörð safnanna þriggja sem heyra undir Héraðsnefnd er ólíkur. Héraðsskjalasafnið sinnir lögbundnum skyldum f.h. sveitarfélaganna og starfar skv. lögum um opinber skjalasöfn. Þjóðskjalasafn veitir leyfi til reksturs að fengnu samþykki ráðherra. Safnið sinnir eftirliti með skjalavörslu og skjalahaldi skv. lögum, fær rekstrarstyrk frá Þjóðskjalasafni og getur sótt um verkefnastyrki.

Byggða- og Listasafnið starfa skv. safnalögum, þau eru viðurkennd söfn skv. tillögu safnaráðs og geta sótt verkefnastyrki til safnasjóðs. Hlutverk safnanna er í grundvallaratriðum ólíkt, lagaramminn er ekki sá sami, skjalasafnið er stjórnvald sem sinnir lögbundnu eftirliti og vörslu gagna. Byggða- og Listasafnið eru sýningar- og vörslustofnanir muna og listmuna. Héraðsskjalasafnið er ekki sýningarsafn, hlutverk þess er að varðveita gögn og tryggja aðgengi að þeim, standa vörð um réttindi og skyldur íbúa og sveitarfélaga.

Rekstur safnanna er um margt ólíkur, sérstök framlög sveitarfélaga mishá, styrkir til þeirra tengjast með beinum hætti þeim verkefnum sem söfnin sinna hvert á sínu svið og sjálfsaflafé frá því að vera um 13% af tekjum í að vera um 33%.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti gerði í árslok 2020 samning við landshlutasamtök sveitarfélaga um fýsileikakönnun á samstarfi og sameiningu safna. Þarna var horft til þeirra safna sem heyra undir safnalög, ekki til héraðsskjalasafna. Samantekt SASS kom úr í árslok 2021. Niðurstöður þessara kannana eru um margt afdráttarlausar. Sameiningar safna eru ekki taldar álitlegur kostur. Þar er horft til staðsetningar safna, stærðar, sérstöðu, sjálfstæðis o.fl. Þá er rekstrarleg hagkvæmni af sameiningum talin takmörkuð eða óljós. Safnstjórar bentu þó á að aukið samstarf væri af hinu góða og vert að skoða hvernig hægt væri að formgera slíkt samstarf. Samstarf héraðsskjalasafna er mikið. Safnið á og rekur miðlunarvef og kaupa önnur söfn aðgang að vefnum. Þá er safnið aðili að samstarfsverkefnum skjalasafna danskra sveitarfélaga auk þess að vera þátttakandi í starfi alþjóða skjalaráðsins.

Vandséð er að sameining yfirstjórnar safnanna eða safnstjórna bæti faglegt starf eða yfirsýn yfir þá málaflokka sem söfnin heyra undir. Það er mikilvægt að horfa til sjálfstæði safnanna og þeirrar faglegu vinnu sem þar er unnin. Þá er fjárhagslegur ávinningur af sameiningu stjórna safnanna lítill ef nokkur þegar horft er til fjölda stjórnarfunda. Söfnin verða öll að fá að starfa á eigin forsendum.

## 2. Nýtt geymsluhúsnæði á Flúðum – staða framkvæmda

GPK og Aldís Hafsteinsdóttir búin að undirrita húsaleigusamning, sjá fylgiskjal 2.

PTM leggur fram tilboð í þéttiskápa, sjá fylgiskjal 3.

Rætt um nýtt húsnæði, framkvæmdir og fyrirhugaða flutninga. Gert er ráð fyrir tæpum 1.500 hillumetrum í þéttiskápum og þá verða settar upp frístandandi hillur. Húsnæðið verður afhent á vormánuðum.

Leggja þarf fram viðauka við fjárhagsáætlun á vorkundi Héraðsnefndar vegna húsaleigu og flutninga o.s.frv.

GPK, BJ, JB og PTM tóku til máls.

### 3. Önnur mál

Verkáætlun 2025 í endurskoðun.

MHR – verið fara yfir rafræn gagnasöfn sveitarfélaga – varðveislumat gagna og óska þá eftir grisjun á gögnum sem ekki eru varðveisluverð.

GPK, BJ, JB og PTM tóku til máls.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.

Gestur Þór Kristjánsson [sign]

Brynhildur Jónsdóttir [sign]

Jón Bjarnason [sign]

Þorsteinn Tryggvi Másson [sign]

# Fundargerð 965. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, þriðjudaginn 18. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Þórdís Sveinsdóttir og Helga María Pálsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 963. fundar - 2410016SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 963. fundar stjórnar Sambandsins frá 31. janúar 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Staða kjaramála - 2406015SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í febrúar 2025.

*Bjarni Ómar Haraldsson, varaformaður samninganefndar Sambandsins og Kolbeinn Guðmundsson, formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar sátu fundinn undir þessum lið.*

*Bjarni Ómar Haraldsson og Kolbeinn Guðmundsson viku af fundi kl. 8.50.*

**3. Kjarasamningar - 2406015SA**

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sambands stjórnendafélaga og Dýralæknafélags Íslands, dags. 5. og 17. febrúar 2025, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirbyggjandi kjarasamning við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Samband stjórnendafélaga og Dýralæknafélag Íslands.*

**4. Endurskoðun á samþykktum Sambandsins - 2406023SA**

Yfirferð samþykktu sambandsins.

*Stjórn samþykkir að leggja breytingar á samþykktum fyrir landsþing í samræmi við umræður á fundinum.*

5. **Drög að dagskrá landsþings Sambandsins - 2407022SA**

Kynnt voru drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að halda áfram undirbúningi á grundvelli umræðna á fundinum.*

Fundi var slitið kl. 09:30



# Fundargerð 966. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 19. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll en ekki náðist að boða varafulltrúa í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Staða kjaramála - 2406015SA

Rætt um stöðu kjaraviðræðna Sambandsins við Kennarasamband Íslands.

Berglind Eva Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Margrét Sigurðardóttir og Saga Guðmundsdóttir starfsmenn Sambandsins, Ástráður Haraldsson og Bára Hildur Jóhannesdóttir frá Ríkissáttasemjara og Kolbeinn Guðmundsson og Haukur Þór Haraldsson frá Reykjavíkurborg sátu fundinn undir þessum lið.

*Stjórn fundaði með ríkissáttasemjara sem fór yfir drög að mögulegri innanhússtillögu. Stjórn hugnaðist ekki að óbreyttu sú leið sem ríkissáttasemjari lagði upp með og fól formanni stjórnar og formanni samninganefndar að koma þeim skilaboðum á framfæri við ríkissáttasemjara.*

Fundi var slitið kl. 09:16

# Fundargerð 967. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, fimmtudaginn 20. febrúar kl. 20:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Walter Fannar Kristjánsson.

Heiða Björg Hilmisdóttir boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson, varaformaður stýrði fundi í fjarveru formanns.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Staða kjaramála - 2406015SA

Innanhústillaga ríkissáttasemjara, dags. 20. febrúar 2025, lögð fram sem trúnaðarmál.

Berglind Eva Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Helgi Aðalsteinsson, Margrét Sigurðardóttir og Saga Guðmundsdóttir starfsfólk Sambandsins og Kolbeinn Guðmundsson og Haukur Þór Haraldsson frá Reykjavíkurborg.

Stjórn felur formanni samninganefndar að óska eftir því við ríkissáttasemjara að hann veiti Sambandinu frest til klukkan 12, föstudaginn 21. febrúar nk., til að gefa svar við því hvort að stjórn fallist á framlagða innanhústillögu ríkissáttasemjara. Jafnframt verður haldinn upplýsingafundur með sveitar/bæjarstjórum kl:8:00 þann 21.febrúar.

Fundi var slitið kl. 21:52

# Fundargerð 968. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 21. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Walter Fannar Kristjánsson.

Heiða Björg Hilmisdóttir boðaði forföll. Hildur Björnsdóttir boðaði forföll ekki náðist að boða varamann hennar.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson, varaformaður stýrði fundi í fjarveru formanns.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Staða kjaramála - 2410014SA

Berglind Eva Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Margrét Sigurðardóttir og Saga Guðmundsdóttir starfsfólk Sambandsins og Kolbeinn Guðmundsson og Haukur Þór Haraldsson frá Reykjavíkurborg sátu fundinn undir þessum lið.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallaði um innanhússtillögu ríkissáttasemjara, sem lögð var fram 20. febrúar sl., á þremur stjórnarfundum. M.a. kom ríkissáttasemjari inn á fund stjórnar til að kynna mögulega tillögu og fá afstöðu stjórnar til þess hvort að hann ætti að leggja hana fram. Á þeim fundi kom skýrt fram að stjórn hugnaðist ekki sú leið sem sáttasemjari lagði til. Stjórn Sambandsins vill því koma því skýrt á framfæri að framsetning innanhússtillögu ríkissáttasemjara var ekki með samþykki stjórnar eða samninganefndar.

Stjórn Sambandsins telur sér ekki fært að fallast á innanhússtillögu ríkissáttasemjara í núverandi mynd enda felur hún í sér hærri innborgun á virðismat en sú miðlunartillaga sem stjórn var búin að samþykkja og gert er ráð fyrir að hægt sé að segja samningnum upp á samningtíma.

Stjórn Sambandsins hefur ávallt haldið þeirri afstöðu að viðræðurnar þurfi að byggja á sanngjörnum launakjörum fyrir kennara en telur að tillögur sáttasemjara eins og þær eru settar fram feli í sér óásættanlega áhættu.

Það er margt í tillögunni sem hugnast sveitarfélögum vel. Sambandið er fullvisst um að sú virðismatsvegferð sem lögð er til muni leiða til sanngjarnrar, gagnsærrar og málefnalegrar launasetningar kennara. Sambandið getur þó ekki fallist á það að kennarasambandið hafi heimild til að segja samningnum upp fyrir

lok samningstíma, án þessa að ljúka virðismatsvegferðinni. Hætta er á að það myndi setji alla aðra kjarasamninga á vinnumarkaði í uppnám enda hafa stöðugleikasamningar verið leiðarljós allra undirritaðra samninga opinberra launagreiðanda.

Stjórn Sambandsins ítrekar samningsvilja sinn og áréttar að sú tillaga sáttasemjara var samþykkt af stjórn fól í sér að lágmarki 22% hækkun á samningstímanum á meðan aðrir samningar á markaði og við aðrar stéttir felur í sér 14-15% hækkun. Ný tillaga hljóðar uppá meiri hækkun.

Sambandið heldur áfram í samningaviðræðunum af fullri einlægni og vonast til að finna farsæla lausn sem báðir aðilar geta unað við. Þá ítrekar stjórn Sambandsins traust sitt til samninganefndarinnar og umboð hennar til áframhaldandi samningaviðræðna.

Fundi var slitið kl. 11:28

# Fundargerð 969. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, mánudaginn 24. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólög A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Valur Rafn Halldórsson og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Staða kjaramála - 2410014SA

Rætt um stöðu kjaraviðræðna Sambandsins við Kennarasamband Íslands.

Ástráður Haraldsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir frá ríkissáttasemjara sátu fundinn undir þessum lið.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fór yfir stöðuna í kjaraviðræðum sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands með ríkissáttasemjara. Stjórn Sambandsins ítrekar samningsvilja sinn, heldur áfram í samningaviðræðunum af fullri einlægni og vonast til að finna farsæla lausn sem báðir aðilar geta unað við. Þá ítrekar stjórn Sambandsins traust sitt til ríkissáttasemjara og samninganefndar sveitarfélaga og umboð hennar til áframhaldandi samningaviðræðna fyrir hönd sveitarfélaganna.

Fundi var slitið kl. 10:17

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Bjarki R. Kristjánsson <bjarki@bergrisinn.is>  
**Sent:** föstudagur, 14. febrúar 2025 16:38  
**To:** Anný Ingimarsdóttir; anton@hvolsvollur.is; arborg@arborg.is; Arna Ír Gunnarsdóttir; Ásahreppur Ásahreppur; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; Bragi Bjarnason; Erna Harðar Solveigardóttir; Eyrún Hafþórsdóttir; Sveitarstjóri Flóahrepps; gogg; Halla Steinunn Hinriksdóttir; hruni@fludir.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; Íris Ellertsdóttir; Jóhanna Margrét Einarsdóttir; klaustur@klaustur.is; Móttaka Hveragerði; myndalshreppur@vik.is; Nína Kjartansdóttir; Ása Valdís Árnadóttir; olfus@olfus.is; Petrína Freyja Sigurðardóttir; rosa@arborg.is; ry; Sigprúður Birta Jónsdóttir; skeidgnup@skeidgnup.is; Svava Davíðsdóttir; sveitarstjóri@vik.is; Vigdís Lea Kjartansdóttir; Valtýr Valtýsson; Ásta Stefánsdóttir; Hulda Kristjánsdóttir; Sveitarstjóri; Aldís Hafsteinsdóttir; Pétur Georg Markan; sveitarstjóri@ry.is; sveitarstjóri; Sýlvía Karen Heimisdóttir; ellidi@olfus.is; Sandra Sigurðardóttir  
**Subject:** Arnardrangur - fundargerð frá stjórnarfundum  
**Attachments:** 21. stjórnarfundur Arnardrangs.pdf

Heil og sæl

Sjá meðfylgjandi undirritaða fundargerð frá síðasta stjórnarfundum Arnardrangs. Til upplýsinga þá var ákveðið að ganga til samninga við Brák um tilfærslu Nauthaga 2 yfir til Brákar íbúðafélags hses. Er það bæði hagkvæmara (minnkar rekstrarkostnað Arnardrangs umtalsvert sem stofnendur þyrftu annars að leggja út fyrir næstu árin) og einfaldara (einfaldari stjórnsýsla og ekki þörf á fulltrúaráði), hefur engin áhrif á leigjendur og Bergrisinn heldur fullu forræði yfir biðlistum og þjónustu í húsinu. Brák sérhæfir sig í hagkvæmu húsnæði fyrir tekjulágt fólk og var sérstaklega stofnað af sveitarfélögum á landsbyggðinni til að efla stærðarhagkvæmni sem næðist ekki með smærri hses félögum eins og Arnardrangi.

Helstu lykiltölur fyrir Nauthaga 2:

- Fasteignamat 2025: 142,2 mkr
- Brunabótamat: 278,8 mkr
- Áætlað söluverð: 376 mkr (byggingarkostnaður og stofnframlög sem Brák myndi taka yfir og munu koma til endurgreiðslu eftir 50 ár). Engir fjármunir fara á milli við söluna nema sem tengist rekstraruppgjöri.
- Áætlaður sparnaður á ári: 3,4-4,6 mkr

Með góðri kveðju

Bjarki R. Kristjánsson

Skrifstofustjóri  
Bergrisinn bs.  
Arnardrangur hses.

## 21. stjórnarfundur Arnardrangs hses

27.1.2025

Staðsetning: Fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 14:34.

**Fundinn sátu:** Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson og Sandra Sigurðardóttir (varamaður fyrir Ásu Valdísi Árnadóttur).

Frá Bergrisanum mættu Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

### 1. Eignarhald á Nauthaga 2

Ákveðið var á síðasta stjórnarfundum að skoða forsendur fyrir því að selja Nauthaga 2 til Brákar íbúðafélags hses, þar sem ekki verða verkefni á vegum Arnardrangs á næstu misserum. Brák hefur lýst yfir vilja til að kaupa húsnæðið og eru nokkrir þættir sem koma til skoðunar við þessa ákvörðun hjá Arnardrangi:

- Kaupverð: Kaupverð yrði yfirtaka á láni HMS eins og það stendur á yfirtökudegi (ca. 295 mkr) auk yfirtöku á skuldbindingum vegna stofnframlaga að upphæð 80.568.817 kr. (27.644.184 hjá Árborg, 14.052.460 hjá Jöfnunarsjóði og 38.872.173 hjá HMS). Samtals er því kaupverðið um 376 mkr og ganga engar peningagreiðslur á milli nema vegna smávægilegs rekstraruppgjörs. Er verðið í samræmi við byggingarkostnað.
- Ákvörðunarvald Bergrisans yfir þjónustu í Nauthaga: Ákvörðunarvald Bergrisans mun ekki minnka þó eignarhald Nauthaga flytjist til Brákar. Áfram verður forræði þjónustu og biðlista á höndum Bergrisans.
- Áhrif á leigjendur: Áhrifin eru lítil sem engin, Brák er með sama félagafarm og Arnardrangur og er stofnað að hluta til af sömu aðilum og Arnardrangur (sveitarfélög á landsbygðinni). Þá verða samskipti leigjenda áfram beint við þjónustuaðila í húsinu óháð eignarhaldi.
- Einföldun: Það er til einföldunar að láta sérhæft íbúðafélag sjá um rekstur fasteignar í stað þess að hafa sérstakt félag um staka eign. Þá þarf að stofna fulltrúaráð til hliðar við stjórn verði eignin áfram í eigu Arnardrangs en þess þarf ekki verði eignin seld.
- Rekstrarkostnaður Arnardrangs: Ljóst er að talsverður sparnaður verður á því að selja eignina úr félaginu, en viðbótarkostnaður við að eiga áfram Nauthaga í Arnardrangi er 3,9-5,1 mkr á ári (sjá fylgiskjal) sem stofnendur þurfa þá að leggja árlega í félagið.

Í ljósi framangreinds sem og ítarlegrar skoðunar mælir starfsfólk Bergrisans með því við stjórn Arnardrangs að gengið verði til samninga við Brák um sölu á Nauthaga 2. Ljóst er að Brák er sams konar félag og Arnardrangur með það markmið að ná fram meiri hagræðingu en mögulegt er í Arnardrangi. Þá hefur þetta engin áhrif á leigjendur en hefur sparnað í för með sér fyrir stofnendur Arnardrangs næstu árin. Er það því til einföldunar og hagræðingar að selja Nauthaga 2.

Stjórn samþykkir að selja Nauthaga 2 til Brákar íbúðafélags hses. og felur starfsfólki að ganga frá málinu.

2. Önnur mál  
Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 14:55



## Kostnaðaráætlun Arnardrangs 2025

	Sviðsm. 1	Sviðsm. 2	Sviðsm. 3
Starfsmaður	300.000	1.800.000	1.800.000
Þóknun stjórnar	0	0	1.200.000
Bókhald	100.000	600.000	600.000
Endurskoðun	0	1.000.000	1.000.000
Ýmislegt	100.000	500.000	500.000
<b>Samtals</b>	<b>500.000</b>	<b>3.900.000</b>	<b>5.100.000</b>

Sviðsmynd 1: Nauthagi er seldur

Sviðsmynd 2: Nauthagi er ekki seldur, engin stjórnarlaun

Sviðsmynd 3: Nauthagi er ekki seldur, stjórnarlaun greidd

### Með leigutekjum er eftirfarandi kostnaður greiddur:

Fasteignagjöld

Hiti

Rafmagn

Tryggingar

Viðhald

Öryggisgæsla og vöktun

Húsnæðislán

### Eftirfarandi kostnaður er greiddur af þeim sem reka þjónustuna í húsinu (Árborg/Bergrisinn)

Snjómokstur

Garðumhirða

Sorphirða

### Eftirfarandi kostnaður er greiddur af Arnardrangi íbúðafélagi hses.

Bókhald

Endurskoðun


Starfsmaður

Þóknun stjórnar

Ýmis kostnaður við að reka félag (tölvukerfi, skjalamál, opinber gjöld o.fl.)


# Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson




Undirritað af:  
Anton Kári Halldórsson  
0305833539  
Dags: 14.02.2025  
Tími: 10:27:41  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 8cef3be3-898c-4c54-b1e6-e59c40603a0f

Bragi Bjarnason



Undirritað af:  
Bragi Bjarnason  
2504815359  
Dags: 14.02.2025  
Tími: 08:40:45  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 8cef3be3-898c-4c54-b1e6-e59c40603a0f

Sandra Sigurðardóttir



Undirritað af:  
Sandra Sigurðardóttir  
0602834949  
Dags: 14.02.2025  
Tími: 09:55:10  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 8cef3be3-898c-4c54-b1e6-e59c40603a0f